



Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Kópavogi 8. mars 2018.

**Efni:** Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja), 114. mál, þingmannafrumvarp.

Við er til tölvubréfs Alþingis frá 7. mars 2018 þar sem óskað er álit Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja), 114. mál á 148. löggjafarþingi.

Um er að ræða þingmannafrumvarp sem gerir ráð fyrir því að bann við umskurði stúlkna, sem sett var með breytingu á almennum hegningarlögum með lögum nr. 83/2005 verði rýmkað þannig að það nái einnig til umskurðar á drengjum.

Það er almenn afstaða LÍ að ónaðsýnlegar aðgerðir eigi ekki að framkvæma á börnum og vísar félagið í því sambandi ekki síst til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Umskurður á drengjum, sem hefur engan heilsufarslegan tilgang en kann að leiða til alvarlegra fylgikvilla, fellur undir slíkar aðgerðir.

Á fimmta hundrað lækna hafa þegar undirritað yfirlýsingu þar sem lýst er stuðningi við frumvarpið. Í yfirlýsingu læknanna kemur fram að þó málið hafi ýmsar hliðar þá sé það ekki flókið. Allar aðgerðir, hversu tæknilega einfaldar sem þær séu, hafi mögulega fylgikvilla. Umskurður á börnum gangi gegn Genfar-yfirlýsingu lækna og samræmis því síður grundvallarviðmiðum Helsinki-yfirlýsingar lækna um réttinn til sjálfsákvörðunar og upplýsts samþykkis. Þá telja læknaþeir í yfirlýsingu sinni að umskurður drengja brjóti gegn Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og gangi gegn Hippókratesareidnum: „Primum non nocere“ – Umfram allt ekki skaða. LÍ tekur undir þessa yfirlýsingu læknanna.

Þó LÍ styðji framlagt frumvarp að þessu leyti, telur félagið að ekki verði framhjá því litið að mikil umræða hefur skapast um frumvarpið og skiptar skoðanir eru um það. Því er m.a. haldið fram í umræðunni, að verði frumvarpið samþykkt, felist í því árás á trúarbrögð og trúfrelsi þar sem umskurður drengja sé hluti af helgisíðum tiltekinna trúfélaga. Þess vegna megi ekki gera umskurð drengja refsiverðan. Öll umræða um þetta mál er mikilvæg og nauðsynleg. Því ber að fagna að framlagning frumvarpsins hefur hrint af stað þessari umræðu.

LÍ er þó þeirra skoðunar að réttur barns til friðhelgi og ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna vegi þyngra en helgisíðir trúarbragða foreldranna og samfélagsins sem barnið fæðist inn í. Hafna beri öllum aðgerðum hjá ósjálfráða einstaklingum sem ekki hafa skýr heilsufarsleg markmið og læknisfræðilegar ábendingar vegna undirliggjandi sjúkdóma. LÍ er kunnugt um það að í núverandi stöðu mála hafa flestir ef ekki allir lækna hér á landi beðist undan því að framkvæma umskurð á drengjum sem ekki hafa skirskotun til læknisfræðilegra ábendinga.

LÍ leggur til að heilbrigðisráðherra verði falið að gangast fyrir því að útbúið verði fræðsluefni fyrir verðandi foreldra um réttindi barna skv. íslenskum lögum og alþjóðasamþykktum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist að framfylgja, svo og um mögulegar afleiðingar og fylgkvilla aðgerða á ytri kynfærum barna. Slíku fræðsluefni skuli komið á framfæri við foreldra sem ihuga slíkar aðgerðir án læknisfræðilegra ábendinga eða undirliggjandi sjúkdómsástands ásamt viðeigandi ráðgjöf.

Fulltrúar LÍ eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að koma til fundar við velferðarnefnd Alþingis vegna þessa lagafrumvarps, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar LÍ,



Reynir Arngrímsson, formaður